# Fimmtudagur 26. október



## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Umræðan – umræðuþáttur í tilefni málræktarátaks menntamálaráðuneytisins (25 mín.). Stjórnandi Sigrún Stefánsdóttir. 2. Algebra, 4. þáttur. – Almenn brot.
17.50 **Sumarglugginn.** Endursýning frá sl. sunnudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Fuglar landsins.** Ný íslensk þáttaröð um þá fugla sem á Íslandi búa eða hingað koma. 1. þáttur – Súlan. Umsjón Magnús Magnússon.
20.45 **Síld.** Werner Vögeli, einn þekktasti matreiðslumeistari heims, fjallar í fjórum þáttum um rétti úr íslenskri síld. Umsjón Sigmar B. Hauksson.
21.00 **Heitar nætur** (In the Heat of the Night). Bandarískur myndaflokkur með Carroll O'Connor og Howard Rollins í aðalhlutverkum. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
21.50 **Íþróttir.** Fjallað um helstu íþróttaviðburði hérlendis og erlendis.
22.15 **Líf í léttri sveiflu.** Fyrsti þáttur. (Charlie „Bird" Parkers live and musik). Rakin er lífsferill saxófónleikarans Charlie Parkers í fjórum þáttum en fáir tónlistarmenn hafa skilið eftir jafndjúp spor í djasssögunni og haft meiri áhrif á þróun djassins en hann. Þýðandi Þorsteinn Helgason. (Nordvision – norska sjónvarpið.)
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.35 **Með Afa** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Stálriddarar.** Spennandi framhaldsþættir í átta hlutum. Sjötti þáttur.
18.20 **Dægradvöl.** ABC's World Sportsman. Þáttaröð um þekkt fólk með spennandi áhugamál.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Áfangar. Fögur er hlíðin.** Gunnar Hámundarson sneri aftur er hann sá bleika akra og slegin tún Fljótshlíðar. Þorsteinn Erlingsson minntist bernskudaganna í Hlíðarendakoti í samnefndu kvæði. Fljótshlíðin er efni Áfanga að þessu sinni.
20.45 **Njósnaför.** Wish Me Luck. Spennandi breskur framhaldsþáttur um stúlkurnar tvær sem gerast föðurlandsnjósnarar í Frakklandi. Sjötti hluti. Aðalhlutverk: Kate Buffery, Suzanna Hamilton, Jane Asher og Julian Glover.
21.40 **Kynin kljást.** Nýr og skemmtilegur getraunaþáttur þar sem bæði kynin leiða saman hesta sína. Vinningarnir eru glæsilegir og þættirnir allir með léttu og skemmtilegu yfirbragði.
22.10 **Barist í Brasilíu.** Land. Sögusvið myndarinnar er við Amazonfljót í Brasilíu þar sem mikill rígur er milli bænda, landeigenda og kirkjunnar. Presturinn Shannon er söguhetjan og tekur hann þátt í baráttu þessara fátæku sveitunga sinna af fullum hug. En vafasöm fortíð hans gerir honum erfitt fyrir. Aðalhlutverk: John Tery. Bönnuð börnum.
23.25 **Fyrirboðinn snýr aftur.** Damien Omen II.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson.
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá fimmtudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Heilsa og nálarstunga. Umsjón: Sverrir Guðjónsson.
13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Seborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson les (2).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** Minningar úr Skuggahverfi eftir Erlend Jónsson. Leikstjóri: Benedikt Árnason. Leikendur: Margrét Guðmundsdóttir, Erlingur Gíslason og Karl Guðmundsson. (Áður útvarpað 1987.) (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Indriði Úlfsson og bækur hans. Umsjón: Örn Ingi. (Frá Akureyri)
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Händel, Mozart og Saint-Saens.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur les (4).
20.15 **Tónlistarkvöld Útvarpsins.** Hljóðritun frá tónleikum á Pro musica nova tónlistarhátíðinni í Bremen þar sem leikin voru verk eftir Atla Heimi Sveinsson. Kynnir: Bergljót Haraldsdóttir.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Goðsögulegar skáldsögur.** Annar þáttur af fjórum: Mary Renault og sögurnar um Þeseif. Umsjón: Ingunn Ásdísardóttir. (Einnig útvarpað föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Uglan hennar Mínervu.** Arthúr Björgvin Bollason annast samræðuþátt um heimspekileg efni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Spaugstofan: Allt það besta frá liðnum árum. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Stóra spurningin kl. 9.30, hvunndagshetjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Spaugstofan: Allt það besta frá liðnum árum kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03 og gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarmeinhornið:** Óðurinn til gremjunnar. Þjóðin kvartar og kveinar yfir öllu því sem aflaga fer.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins** – Leikrit vikunnar: Aldrei að víkja, framhaldsleikrit eftir Andrés Indriðason. Annar þáttur af fjórum. Leikstjóri: Brynja Benediktsdóttir. Leikendur: Grétar Skúlason, Þröstur Leó Gunnarsson, María Ellingsen, Sigrún Waage, Halldór Björnsson, Hákon Waage og Róbert Arnfinnsson. (Áður útvarpað á rás 1 26. f.m.) Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Lyt og lær. Annar þáttur dönskukennslu á vegum Bréfaskólans. (Endurtekinn frá mánudagskvöldi.)
22.07 **Rokksmiðjan.** Sigurður Sverrisson. (Úrvali útvarpað aðfaranótt sunnudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
0.10 **Í háttinn.**
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Sykurmolarnir og tónlist þeirra.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil Molanna, leikur tónlist þeirra og ræðir við þá. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi á rás 2.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Á djasstónleikum.** Frá tónleikum Jon Faddis í Gamla bíói 12. júlí sl. Vernharður Linnet kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudagskvöldi á rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.

## FM 98·9 BYLGJAN

7.00 **Haraldur Kristjánsson og Sigursteinn Másson, morgunhanar Bylgjunnar, taka viðtöl við fólk sem er að gera eitthvað skemmtilegt. Púlsinn á þjóðfélaginu tekinn, opinn lína og fréttatengt efni blandað góðri tónlist.**
9.00 **Páll Þorsteinsson.** Vinir og vandamenn á sínum stað kl. 9.30, tónlist og spjall til hádegis.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir** í rólegheitunum í hádeginu. Kjötmiðstöðvarleikurinn milli 13 og 14 og 14 og 15.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Ýmislegt skemmtilegt í gangi hjá Bjarna Ólafi. Síminn opinn 611111.
19.00 **Snjólfur Teitsson** í kvöldmat.
20.00 **Hafþór Frey Sigmundsson. Hafþór í léttu bíóskapi, athugar hvað er á boðstólum og spilar uppáhaldstónlistina.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## STJARNAN FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Málefni sem unga fólkið pælir í er númer eitt hjá Bjarna á morgnana.
11.00 **Snorri Sturluson.** Síminn hjá Snorra er 622939. Hver veit nema þú verðir heppinn og vinnir þér inn eitthvað.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Siggi er hress að eðlisfari. Besta tónlistin í bænum á Stjörnunni.
19.00 **Stanslaus tónlist.** Ekkert kjaftæði!
20.00 **Kristófer Helgason!**
1.00 **Björn Þórir Sigurðsson.** Næturvakt sem segir sex! Síminn er 622939.

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **MR.**
18.00 **IR.**
20.00 **FÁ.**
22.00 **FG.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Benni Elfar.**
10.00 **Kristján Jónsson.**
13.00 **Arnór Björnsson.**
15.00 **Finnbogi Gunnlaugsson.**
17.00 **Ívar Guðmundsson.**
19.00 **Guðný Mekkinósdóttir.**
22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**

## RÓT ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
10.00 **Poppmessa** í G-dúr. E.
12.00 **Tónafljót.**
13.00 **Sagan.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Tónlist.**
15.30 **Hanagal.** E.
15.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýms kvennasamtök.
19.00 **Fimmtudagur til fagnaðar.** Gunnlaugur og Þór.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Fréttir úr firðinum,** tónlist o.fl.

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.**
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Beyond 2000.** Nýjasta tækni og vísindi.
19.00 **Moonlighting.** Framhaldssería.
20.00 **Wiseguy.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## SKY MOVIES

13.00 **A Hazard of Hearts.**
15.00 **The Visionaries.**
17.00 **S.P.Y.S.**
19.00 **Foreign Body.**
21.00 **Car Trouble.**
22.45 **Death Wish 3.**
00.30 **Tudwall.**
03.00 **The Bounty.**

## EUROSPORT

9.00 **Körfubolti.** McDonalds-keppnin. Evrópsk lið gegn bandarískum.
11.00 **Fótbolti.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar.
13.00 **Judo.** Keppni þeirra fremstu í Belgrad.
16.00 **Körfubolti.** McDonalds-keppnin. Evrópsk lið gegn bandarískum.
18.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
18.30 **Surfer Magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
19.00 **Indy Car World Series.** Kappakstur í Bandaríkjunum.
20.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Antwerpen.
22.00 **Körfubolti.** Evrópukeppni félagsliða.
23.00 **Golf.** Volvo Masters á Valderrama golfvellinum á Spáni.

## SUPER CHANNEL

14.30 **The Rock of Europe.** Poppþáttur.
15.30 **On the Air.** Poppþáttur.
17.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
18.30 **Time Warp.** Vísindaskáldskapur.
19.00 **The Clouded Yellow.** Kvikmynd.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.15 **The Long Shot.** Kvikmynd.
23.30 **Fréttir, veður og popptónlist.**
23.40 **Look Out Europe.**
00.10 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.

### Rás 2 kl. 20.30:

# Aldrei að víkja

Annar þáttur framhaldsleikritsins Aldrei að víkja eftir Andrés Indriðason verður fluttur en ákveðið hefur verið að endurflytja leikritið í heild í Útvarpi unga fólksins.

Í fyrsta þætti gerist það helst að haldið er diskótek í 9. bekk grunnskóla nokkurs í Reykjavík. Valdi leikfimikennari, sem er ekki sérlega vinsæll meðal nemenda, annast þar eftirlit ásamt formanni skemmtinefndar. Valdi verður bálreiður þegar hann sér að Halla, poppara sem ekki er nemandi, hefur verið hleypt inn. Þeim lendir saman með þeim afleiðingum að Valdi hringir á lögregluna.


**Andrés Indriðason höfundur leikritsins.**

Leikendur í 2. þætti eru: Grétar Skúlason, Þröstur Leó Gunnarsson, Hákon Waage, Sigrún Waage, María Ellingsen, Halldór Björnsson og Róbert Arnfinnsson. -Pá


**Presturinn er aðalsöguhetja myndarinnar.**

### Stöð 2 kl. 22.10:

# Barist í Brasilíu

Á svæðinu kringum Amazonfljót í Brasilíu er mikill rígur milli bænda, landeigenda og kirkjunnar. Í myndinni, sem líkt hefur verið við hina stórbrotnu mynd Mission eða Trúboðsstöðina, er greint frá atburðum líðandi stundar og pólitískum átökum innfæddra.

Söguhetja myndarinnar er presturinn Shannon sem á að baki vafasama fortíð. Hann fellur ekki alls kostar inn í hlutverk hins hlutlausa prests og tekur fullan þátt í baráttu hinna fátæku sveitunga. Aðgerðir prestsins eru öðrum prestum og nunnum ekki að skapi og hlýtur hann bágt fyrir. Með flest önnur hlutverk í myndinni fara innfæddir.

Aðalhlutverkið leikur John Tery en leikstjóri er David Wheatley. -Pá

### Rás 1 kl. 22.30:

# Goðsögulegar skáldsögur

Goðsögulegar skáldsögur fjögurra kvenna verða viðfangsefni Ingunnar Ásdísardóttur í fjórum bókmenntaþáttum sem eru á dagskrá rásar 1 í kvöld og næstu fimmtudagskvöld kl. 22.30:

Á seinni árum hafa sögulegar skáldsögur notið aukinna vinsælda og þessi bókmenntagrein eflst að burðum og hafa kvenrithöfundar ekki átt þar sístan hlut. Ingunn mun fjalla um þrjár erlendar og eina íslenska goðsögulega skáldsögu.


**Ingunn Ásdísardóttir.**

Í þættinum í kvöld fjallar hún um skáldsögu bandarísku skáldkonunnar Marion Zimmer Bradley, Mists of Avalon, eða Þokur Avalon. Saga þessi segir frá Arthúri konungi hinum breska og riddurum hringborðsins. Zimmer Bradley segir söguna út frá sjónarhóli kvennanna við hirð Arthúrs og sýnir skáldsaga hennar því nokkuð önnur viðhorf til riddaranna og þeirra frægu leitar að kaleik Krists sem frægð þessara sagna byggist á en við eigum að venjast. -Pá